

**13. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
6. maí 2015 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1504014 - Heimaþjónusta - viðmið um forgangsröðun

Laufey Jónsdóttir sat fundinn undir þessum lið.

Lagðar fram tillögur að breytingum á gildandi reglum um heimaþjónustu. Lagt er til að tekin verði upp viðmið um forgangsröðun í heimaþjónustu sem myndu gilda jafnt við afgreiðslu umsókna um þjónustuna og þegar teknar eru ákvarðanir um afleysingar starfsmanna í sumarleyfum, veikindum og á stórhátíðum. Aðrar breytingar varða málfar og aðlögun heita að núverandi stjórnskipulagi.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir framlagðar tillögur að breytingum á reglum um heimaþjónustu með áorðnum breytingum.

2. 1501209 - Þjónusta vegna búsetu og stuðningsþjónusta

Trúnaðarmál. Sjá trúnaðarbókun.

3. 1503092 - Mannfjöldaspá 2015

Mannfjöldaspá sem Vífill Karlsson hefur unnið fyrir Akraneskaupstað lögð fram til kynningar.

4. 1504123 - Fundargerðir 2015 - Samráðshópur um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6

Fundargerð 1. fundar samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 frá 28. apríl sl. lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Vilborg Þ. Guðbjartsd.
Einar Brandsson
Gunnhildur Bj.
Ingibjörg Pálmadóttir
Jón Hrói Finnsson